

Fimmtudaginn 22. október 1987.

Nr. 287/1986. **Ástvaldur Pétursson**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

**Þorvaldi Garðari Helgasyni**

(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningar. Kaupgjaldsmál. Sjómenn.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. nóvember 1986. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í málinu er ekki um það deilt, að áfrýjandi skuldi stefnda þá fjárhæð sem dæmd var í héraði. Aðilar deila um það, hvort áfrýjandi eigi gagnkröfu á stefnda.

Áfrýjandi telur, að stefndi, sem var skipverji á bátnum Jóni Pétri ST 21, sem áfrýjandi gerði út, hafi hinn 13. október 1984 farið fyrirvaralaust úr skiprúmi. Vitnar áfrýjandi í 22. gr. 8. tölulið í kjarasamningi frá 16. janúar 1982 milli Sjómannasambands Íslands f.h. ýmissa verkalýðsfélaga og Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. ýmissa útvegsmannafélaga, sem óumdeilt er, að gildi um réttarsamband aðila. Í ákvæðinu segir: „Fari skipverji fyrirvaralaust úr skiprúmi, hefur útgerðin rétt á að krefja hann sömu fjárhæðar og henni bæri að borga vegna fyrirvaralausrar brottvikningar skipverjans úr skiprúmi.“ Af hálfu áfrýjanda er því enn fremur haldið fram að ljóst sé af gögnum, sem hann hefur lagt fram, að kaup stefnda í 3 mánuði frá 13. október 1984 hefði verið meira en nemur þeirri fjárhæð, sem dæmd var í héraði. Sé það næg ástæða til að sýkna í málinu, þar sem skuldajafna beri kröfu stefnda og hluta af kröfu áfrýjanda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að áfrýjandi hafi krafist þess, að hann ynni í þágu áfrýjanda í frítíma sínum 13. október

1984. Hafi stefndi því haft réttmæta ástæðu til að hætta störfum á báti áfrýjanda. Þá er því mótmælt, að sannað sé, að kaup stefnda hjá áfrýjanda í 3 mánuði frá 13. október hefði numið hærri fjárhæð en stefnda var dæmd í héraði. Því hefur ekki verið sérstaklega mótmælt, að um skuldajöfnunarrétt væri að ræða, ef áfrýjandi ætti kröfu á stefnda.

Óumdeilt er að um það hafði verið samið 1984, að stefndi og aðrir skipverjar á báti áfrýjanda hefðu frí í 2 daga um hverja helgi. Einnig er óumdeilt að laugardaginn 13. október 1984 hafði stefndi unnið að viðgerð á veiðarfærum bátsins, þegar hann átti eftir þessu samkomulagi að eiga frí. Þá er fram komið, að ágreiningur varð milli aðila um, hvort lagt skyldi af stað í veiðiferð þennan dag áður en frítímanum væri lokið. Vegna þessa ágreinings gekk stefndi af skipinu. Ósönnuð er sú málsástæða, sem áfrýjandi hefur borið fram, að honum hafi verið heimilt að hnika frítímanum til. Verður að telja, að stefnda hafi verið heimilt að segja upp eins og hann gerði og ganga af skipinu. Verður gagnkrafa áfrýjanda því ekki tekin til greina.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn, enda deila aðilar ekki um vexti.

Rétt er að áfrýjandi greiði stefnda 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, Ástvaldur Pétursson, greiði stefnda, Þorvaldi Garðari Helgasyni, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur aukadómpings Strandasýslu 4. ágúst 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi hinn 6. júlí sl. höfðaði Þorvaldur Garðar Helgason, nnr. 9811-2448, Hafnargötu 13, Hólmavík með stefnu ódags. en birtri lögformlega fyrir lögmanni stefnda gegn Ástvaldi Péturssyni útgerðarmanni, nnr. 0834-0579, til heimilis að Suðurhvammi 4, Hafnarfirði til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 86.051,00 með 19% ársvöxtum af kr. 69.134,00 frá 19.8. 1984 til 15.9.

1984, með sömu vöxtum af kr. 86.971,00 frá 15.9. 1984 til 1.1. 1985, með 32% ársvöxtum frá 1.1. 1985 til 1.2. 1985, með 3,75% drv. á mánuði frá 1.2. 1985 til 1.3. 1985, með 4% drv. á mánuði frá 1.3. 1985 til 1.6. 1985, með 3,5% drv. á mánuði frá 1.6. 1985 til 1.9. 1985, en með 3,75% drv. á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Þá var krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Við munnlegan málflutning féll stefnandi frá kröfum vegna vangoldinna launa fyrir rækjuveiðar sumarið 1984 og lækkar því stefnufjárhæðin niður í kr. 69.134,00. Að öðru leyti voru dómkröfur sem greinir í stefnu.

Við munnlegan málflutning féll lögmaður stefnda frá þeirri dómkröfu að stefndi yrði sýknaður af kröfu um veikindakaup. Hins vegar áréttaði hann þá aðra kröfu sína að í frádrátt í stefnu komi hýrudráttur vegna fyrirvaralausss brotthlaups frá skiprúmi. Þá var krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

## II.

Stefnandi lýsir í stefnu málavöxtum á þá leið að hann hafi verið að rækjuveiðum hjá stefnda á Jóni Pétri ST-21 frá því í mars 1980 fram í október 1984, þó með hléi sem var sumarið 1982. Hann hafi hætt störfum hjá stefnda þann 13.10. 1984. Hafi hann átt inni hjá honum laun vegna veikindaforfalla 19.7. 1984 til 19.8. 1984. Stefnukrafa er að höfuðstól kr. 69.134,00 ásamt vöxtum og málskostnaði. Eins og fyrr getur féll lögmaður stenda frá kröfu um sýknu við munnlegan málflutning og samþykkti að stefnandi ætti rétt á veikindaforfallakaupi. Hins vegar bæri að sýkna stefnda af öðrum kröfum. Hins vegar lagði stefndi á það áherslu að til frádráttar stefnukröfu komi hýrudráttur vegna fyrirvaralausss brotthlaups stefnanda úr skiprúmi þann 13. október 1984.

### *Niðurstaða.*

Óumdeilt er að í upphafi skelveiða var rætt að jafnaði um tveggja daga helgarstopp, þrátt fyrir að samningar segðu aðeins 4 daga frí í mánuði. Þetta viðurkennir stefndi að sé rétt fyrir dómi. Hann ákvað þó þann 13.10. að fara fyrr út en samkomulagið hljóðaði um. Stefnandi í máli þessu taldi rétt á sér brotinn og ákvað að hætta. Ósætti varð með stefnda og stefnanda sem leiddi til þess að stefnandi hætti í skiprúmi. Þrátt fyrir mótmæli stefnanda ákvað stefndi að báturinn færi út áður en tíminn var liðinn. Það er álit dómsins að stefnanda hafi verið heimilt að hætta fyrirvaralaust þegar réttur var á honum brotinn með þessum hætti. Verður því varakrafa stefnda ekki tekin til greina. Stefnda ber því að greiða stefnanda kr. 69.134,00 með 19% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 19.8. 1984 til 1.1. 1985, með 32% ársvöxtum frá 1.1. 1985 til 1.2. 1985, 3,75% drv. á mánuði frá

1.2. 1985 til 1.3. 1985, 4,5% drv. frá 1.3. 1985 til 1.6. 1985, með 3,5% drv. á mán. frá 1.6. 1985 til 1.9. 1985, með 3,75% drv. á mán. frá þeim tíma til 1.3. 1986, með 3,75% drv. frá þeim tíma til 1.3. 1986, en með 2,75% drv. á mánuði til 1.4. 1986 en 2,25% drv. frá þeim tíma til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 25.000,00.

Dóm þennan kvað upp Þorsteinn Pétursson, settur sýslumaður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ástvaldur Péturson, greiði stefnanda Þorvaldi Garðari Helgasyni kr. 69.134,00 með 19% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 19.8. 1984 til 1.1. 1985, með 32% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 1.1. 1985 til 1.2. 1985, með 3,75% drv. á mánuði frá 1.2. 1985 til 1.3. 1985, með 4% drv. á mán. frá 1.3. 1985 til 1.6. 1985, með 3,5% drv. á mán. frá 1.6. 1985 til 1.9. 1985, með 3,75% drv. á mán. frá þeim tíma til 1.3. 1986, með 2,75% drv. frá þeim degi til 1.4. 1986 en með 2,25% drv. á mánuði frá þeim tíma til greiðsludags og kr. 25.000,00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---